

Fundargerð

42. stjórnarfundur FHA haldinn 18. desember, 2012 kl. 13:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Engilbertsson (GE), Guðmundur Óskarsson (GÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF) og Vera Kristín Kristjánsdóttir (VK).

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð

Fundargerð var samþykkt með fyrirvara um orðalagsbreytingar og lagfæringar á stafsetningarvillum.

2. Kjarakönnun BHM

Fyrirhugað er að framkvæma kjarakönnun á meðal félagsmanna aðildarfélagi BHM, sambærilegt og launakönnun VR sem framkvæmd er reglulega. Könnunin mun ná til um 9.500 manns og er áætlaður kostnaður á bilinu 7-10 milljónir. Fjármögnun kjarakönnunarinnar er utan fjárhagsáætlunar bandalagsins og skipta því félögin kostnaðinum með sér. Verkefnið var boðið út til þriggja fyrirtækja og ákveðið að gagna til samninga vð Maskínu. Rætt um hugsanlega þátttöku okkar félags. Allir sammála um að okkar hagar liggi í því að taka þátt og bera okkur saman við FH.

3. Hækkun aðildargjalda BHM

Aðildargjöld munu hækka þar sem ráða á hagfræðing til starfa til BHM. Tillaga stjórnar BHM til að mæta auknum útgjöldum er að hækka aðildargjald úr 0,17% í 0,20%. Fram hefur komið tillaga frá þremur aðildafélögum BHM um að reikna aðildargjald af heildarlaunum í stað grunnlauna í stað þess að hækka aðildargjöldin á öll félög. Stjórn FHA er sammála um að miða eigi við grunnlaun en ekki heildarlaun þar sem möguleikar til yfirvinnu eru mjög mismunandi eftir aðildarfélögum.

4. Önnur mál:

a. Fundur með FH:

Jörundur er til í að koma eftir áramótin og ræða stöðu sameiningarmála og segja okkur nánar frá væntanlegum samskiptum við samninganefnd varðandi leiðréttingu og samræmingu launa.

b. Laun gjaldkera:

Ása er gjaldkeri félagsins og sér um allt bókhald og utanumhald fyrir félagið. Hún hefur fengið greidda 4 yfirvinnutíma á mánuði alla mánuði ársins fyrir utan desember en þá hefur hún fengið greidda 12 tíma. Samþykkt að hækka þessa greiðslu í 6 tíma alla mánuði ársins fyrir utan desember en þar verða áfram greiddir 12 tímar.

- c. Fulltrúaráð Orlofssjóðs BHM:
Enginn hafði tók á því að mæta í þetta sinn. Óskað verður eftir fundargerð.

- d. Umsóknir í námssjóð:
3 umsóknir hafa borist og 3 voru afgreiddar á milli funda. Umsóknir samþykktar með þeim fyrirvörum að þær uppfylli skilyrði. GKÓ sér um og gengur frá.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 14:10
Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.